

FELAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Útgefandi : Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159

Ritstjóri : Þorsteinn Jónsson,
Úlfss töðum, Borgarfirði

EFNI BLAÐSINS.

Mælzt hefir verið til þess við mig, að ég láti ekki falla niður útkömu Félagsblaðsins, og er þar þó sá annmarki á, að nálega ekkert efni hefir borizt því um skeið. Vil ég því enn hvetja félagsmenn til að senda blaðinu smágreinar : hugdettur, fréttaeða fróðleiksmola og annað slíkt, því að ólíklegt þykir mér, að Nýalssinnar séu svo miklu hugmyndasauðari en annað fólk, að þeir geti ekki annað en þagað. En til þess að ekki verði algjör þögn, meðan þeir eru í þessu efni að taka sig á og sækja í sig kraft, læt ég að þessu sinni koma í blaðinu nokkrar greinar, sem fyrir lengri eða skemmtíma hafa komið í dagblöðum og óvist er að sumir félagsmenn hafi nokkru sinni séð. Kemur hér þá fyrst grein eftir Þorstein Guðjónsson, sem birtist í Alþýðublaði 13. mars 1956, og gæti hún enn verið nokkurt mótvægi gegn því, sem mjög var í sumar haldið á loft varðandi Skálholtsstað og líklega hefir ekki allt verið fullkomlega sannfræðilegt. Hefir Skálholt líklega sjaldnar en hitt verið staður góðrar sögu, og var ekki alveg óeftirtektarvert, hversu veðrátta snérist til hins verra einmitt þann dag, sem hátfíðarhöldin voru látin fara fram þar. (Samanber staðreyndina, sem sagt er frá í greininni Trú og tíð í Ennýal.

Næsta grein, sem er eftir sjálfan mig, birtist í Alþýðublaðinu þann 22. júní s.l. eftir að hafa áður verið neitað um rúm hjá Mbl, og er hún að nokkru andmæli gegn óhróðri um Íslendinga, sem fluttur var í útvarp af Henry Ottóssyni á síðastliðnum vetrí.

Þriðja greinin, sem ég birti hér og saman er af Þorsteini Guðjónssyni, kom í Tímanum fyrir ekki löngu, og má vera að hún sé mörgum Nýalssinna kunnug. En vegna þess að þar er meðal annars sagt frá frétt, sem fremur en hitt ætti að auka þeim sigurvonir, þykir mér rétt að félagsblaðið geymi hana.

Fjórða greinin, sem birtist í Alþýðublaðinu 17. okt. 1961

segir einnig frá slíku, og læt ég hana því fylgja þar á eftir.

Fimmra greinin, Rígsþula og mannfræði, birtist í Alþýðublaðinu 14. febr. 1956, og þykir mér hún verð pess, að félagsblaðið geymi hana. Þó að það sé víst í ósamræmi við ríkjandi tízku að vilja halda fram ágæti norræns kyns, þá verður varla á móti því borrið, að sú manntegund sé fríðari en aðrar. En eins og kunnugt er, þá voru Forngríkkir, sem ekki einungis voru öðrum þjóðum glæsilagri í sjón, einn þáttur þess kynstofns. Í innsta eðli eru góðleiki vizka og fegurð eitt og sama, og þarf því varla að efast um það, að hin fríðasta manntegund muni einnig í eðli sínu vera hin mildasta og vitibornasta.

Eins og ýmsum Nýalssinnum mun vera í minni, þá var á síðastliðnu hausti flutt erindi í útvarp (og síðar birt í Þjóðvinafélagsalmanakinu), þar sem vikið var að "geðtruflunum" dr. Helga Péturssonar, og skrifaði ég grein af því tilefni, sem svo birtist í Alþýðublaðinu. En vegna þess, hve sú grein var þar afskræmd með röngum leiðréttigungum á greinamerkjum og flestu læt ég hana koma hér í sinni réttu mynd. Vera má líka, að einhverjum hafi þótt betra en ekki, að sú grein var skrifuð, því að ekki veit ég til að aðrir hafi orðið til að minna á, að dr. Helgi uppgötvaði það a. m.k. 40árum fyrr en Hallberg hinn sænski, að Snorri hafi samið Eglu.

Oftar en einu sinni hefi ég farið þess á leit við félagsmenn eða lesendur félagsblaðsins, að þeir segðu frá dænum um það, hversu draumsýnir þeirra hefðu verið ósamkvæmar því, sem þeir þýddu þær fyrir, en þetta er einmitt sú staðreynd, sem þýðingarmest er að hafa gert sér ljósa, þegar leitað er skilnings á eðli draumanna. Hér kemur nú góð yfirlysing varðandi þetta frá Sveini Haraldssyni, og þætti mér fengur í, að fleiri slíkar færu á eftir. Auðvitað eru margar af draumsögum þeim, sem hér hafa verið birtar, fróðlegar, og er svo enn um þá draumsögu Ingvars Agnarssonar, sem hér fer einnig á eftir. . En varðandi nefnda ósamkvæmni þætti mér þó fengur í að fleiri leggðu til mála.

Þá kemur hér stutt hugleiðing eftir Stefán á Hólum, og barst hún mér meðan ég var að skrifa þennan blaðinngang, eða svo að segja nú á stundinni. Má auðvitað til sanns vegar færa það, sem Stefán heldur fram, að kenningar Helga Péturssonar séu framhald af kenningum Jesú, þótt aðrar séu vísinda-en hinar trúarkenningar. Eins og Stefán hefir einhverntíma sagt í bréfi til mína, þá er það aðalatriðið, að það sé sannleikurinn, sem borrið er fram. Og sammála er ég Stefáni um það, að prestar hafi brugðist hlutverki sínu með því að færa sér ekki í nyt hinar nýólsku kenningar, og að stefnt sé því nú að því dulrænu og trúarbragðamyrkri, sem spáð var fyrir í Nýal, ef sannindi hans yrðu ekki þegin.

Að síðustu birti ég hér framhald af ósjálfráðri skrift, og er ekki sízt þar verið í samræmi við kenningar Nýals. Það er meðal annars í góðu samræmi við hinn nýalska skilning, að samstillingin við hina "ungu" og fríðu stúlkuna hafi skapað þeim, sem segir frá (og stúlkunni líka þetta unaðslega sambandsskyn, og er sannarlega gott til þess að hugsa, að í framlífi gefist æ betri kostur þess að vermast í skini kvenlegrar og mannlegrar fegurðar.)

Furðulegt kann það að þykja, að maður, sem í frumhlífi var aðeins meðalmaður á vöxt eða varla það, verði í framlífi bæði mikill og sterkur og eru nú að sjálfsögðu einhver takmörk fyrir slíku. En það, að í framlífi verði slíkur maður eins stórr vaxinn sonur eða faðir, ætti hinsvegar að vera mjög hugsanlegt. Margir þeir, sem smávaxnir urðu í frumhlífi, urðu smávaxnir af því, að skilyrði skorti til hins, en ekki af því, að þeir hefðu ekki möguleika í sér til meiri vaxtar. Og hversvegna skyldi þá ekki getað orðið leiðréttning á þessu framlífi, ef aðeins rétt var stefnt í frumhlífi og óskað var slíkrar leiðréttningar.

Þorsteinn Jónsson.

KETILBIRNINGAR OG SKÁLHOLT.

"Par sér hvorki sól né sumar".

Það er merkilegt, að svo mikil ætt sem Ketilbirningar eru, skuli ekki eiga sér neina ættarsögu. Þó er sitt af hverju vitað um ættina, og reyndar er karlleggurinn frá Ketilbirni til Gissurar jarls allt kunnir menn, enda hafa fáir haft meiri áhrif á sögu Íslands í eina átt en þeir frændur.

Það er fyrst sagt frá Ketilbirni landnámsmanni, að hann kom út seint á landnámstíð í Elliðaárós og var hinn fyrsta vetur á Skeggastöðum við Leiruvog hjá Þórði mági sínum. Merkilegt er það, að Elliðaárnar skuli vera kenndar við skip Ketilbjarnar, Elliða (El-liða), og bendir það til þess, að eitthvað hafi minnisstett orðið um það skip í þeim árósi, og sennilegast að það hafi brotnað þar. En svo segir sagan, að ekki hafi Ketilbjörn orðið happasæll hér á landi í fyrstu. Öxi týndi hann í Öxará og silungum gleymdi hann hjá Reyðarfelli. Mundu fornmann líklega hafa lagt það svo út, að landvættir væru honum ekki hollar.

Sonur Ketilbjarnar var Teitur, sem ekki tímdi að verja silfri föður síns til að skreyta hofið, og missti af því öllu fyrir bragðið. En annað var það, sem Teitur gerði. Hann reisti skála í mýri einni fyrir norðan Vörðufell, og þessi skálabygging áfti eftir að verða þeim frændum hið mesta þing, eins og síðar greinir.

Sonur Teits var Gissur, kallaður hinn hvíti. Hann afrekaði

tvennt, að drepa Gunnar á Hlíðarenda og koma því til leiðar, að trúarskipti urðu á Íslandi. En hið briðja mistókst honum, sem hann þá hafði í hyggju eins og Björn M. Olsen hefir sýnt fram á í riti sínu um kristnitökuna að koma Íslandi undir yfírráð Noregskonungs. Gissur bjó fyrst að Mosfelli (eða Höfða) en flutti síðan byggð sína að Skálholti. Sonur hans var lærður maður, Ísleifur, sem hingað kom út í hallæri með biskupsvígslu, og varð hann fyrsti biskup í Skálholti. Hann var drottunargjarn mjög. Sést það á andlátssorðum hans, þeim að hann kvartar undan óhlýðni Íslendinga við sig, eins og það væri sjálfsögð skylda, að allir fáru eftir vilja biskupsins. Hefir honum stigið til höfuðs þessi vegsemd að heita biskup. En hafi Íslendingar verið eithvað tregir til að láta Ísleif ráða yfir sér, þá voru þeir hlýðnari syni hans Gissuri, sem heita mátti einvaldur yfir landinu alla sína biskupstíð, og er það einhver ósögulegasti tími, sem yfir Ísland hefir gengið.

Bróðir Gissurar biskups og sonur Ísleifs var Teitur í Haukadal, merkismaður á sína vísu og sonur hans var Hallur, sem kallaður var selshaus (Orknhofði). En sonur Halls var Gissur, sem bók skrifaði á latínu, en ekki íslenzku, og kynni hér að vera nokkur skýring á því, að um þessa voldugustu og mest metnu ætt, sem verið hefir á Íslandi, var engin saga skrifuð. Lærðomur þeirra frænda var mikill og virðing á latínunni, en hið íslenzka kunnu þeir ekki að meta, og þótti ósamboðið sér að rita íslenzku. Úr sömu átt er það, þegar Gissur Þorvaldsson hæðist að því frammí fyrir Hákon konungi, að Þórður kakali hafði látið rita langa frásögu um viðskipti þeirra. Sturlunga og Íslendingasögur eru þeim að þakka, sem ólíkastir eru og andstæðastir þessum mönnum.

Engin ætt er eins auðug að biskupum og þessir Ketilbirningar (eða Mosfellingar eða Haukdælir). Og þeir biskupar, sem ekki voru af ættinni, voru þá oftast tengdir þeim eða settir inn fyrir þeirra tilstilli. Aldrei komst hnífurinn á milli Haukdæla og Skálholtsbiskupa, og kom þetta bezt í ljós, þegar Gissur Þorvaldsson, sonarsonur Gissurar latínuritara, var að drepa niður beztu snillinga og atgerfismenn á Íslandi, Snorra Sturluson og Sturlu Sig hvatsson, Kolbein grön og enn fleiri. Hvar átti Gissur þá öruggt athvarf, þegar hann hafði unnið ódæði sín og var í hættu ? Í Skálholti. Pangarð flúði hann og þar var hans gætt. Og í sameiningu tókst þeim þetta, sem lengi hafði verið að stefnt, að brjóta á bak aftur hið forna goðavald og koma landinu undir erlendan konung. Það er því full ástæða til að telja Teit Ketilbjarnarson hafa verið bæði framsýnan og langsýnan, þegar hann reisti skálann í mýrinni, þar sem fjallið byrgir sólarsýn til suðurs.

Til glöggvunar fylgir hér ættartala Ketilbirninga. Hún er fróðleg, og ætti hver maður hana að kunna, sem nokkuð hugsar um söguna.

1. Ketilbjörn hinn gamli Ketilsson, landnámsmaður
2. Teitur Ketilbjarnarson
3. Gissur Teitsson hinn hvíti
4. Ísleifur Gissurarson, biskup
5. Teitur Ísleifsson í Haukadal. Bróðir hans Gissur biskup
6. Hallur Teitsson, biskupseni
7. Gissur Hallson, lögsögumaður
8. Þorvaldur Gissurarson. Bróðir hans Magnús biskup
9. Gissur jarl

Þorsteinn Guðjónsson

TRÚ Á ÆSI.

Hreint væri það ekki nein fjarstæða, sem Sigurður A. Magnússon vék að í Mbl. þann 18. apríl s.l., að núverandi biskup kvað eitt sinn hafa viljað, að tekin væri hér með einhverjum hætti upp trú á Æsi, og er ástæða til að ætla, að slíkt gæti orðið til meiri heilla Íslendingum en flestum mun nú líklegt þykja. Eins og hinn vitrasti maður hefir sagt, þá rofnaði hér við kristnitökuna guðsamband, sem eðlilegra var norrænum mönnum en það, sem upp var tekið, og sýnir sagan það líka, að því meira sem verið hefir hér vald kirkju og kristni, því meiri hefir jafnan verið vesaldómur þjóðarinnar.

Það sem bezt hefir haldið uppi íslenzku þjóðerni (málið) og það sem bezt hefir verið framkvæmt af íslenzkum mönnum, hefir að langmestu leyti verið heiðinn arfur og á heiðnum arfi byggt, og eru þær hinar fornu Íslendingasögur glöggjt dæmi. Því meir sem þær eru skráðar í heiðnum anda, því betri eru þær og hafa mér ævinlega fundizt hin kristnu áhrif í þeim, þær sem slíkt kemur í ljós, líkt og óhreinindi í mat. – Nú munu margir vilja halda því fram, að með kristninni hafi fremur en með nokkru öðru verið boðuð mannúð og mildi, og skal því heldur ekki neitað, að margt boðorð er þær fagurt og gott. En sé hinsvegar reynt að þekkja af ávöxtum, eins og kennt hefir verið í kristnum fræðum, þá er síður en svo, að kristnir menn hafi í raun ævinlega verið mildari og mannúðlegri en heiðnir eða lítt kristnir. Og séu nú einnig þær þjóðir, sem voru uppalendur hinna ríkjandi trúarbragða, bornar saman við sumar aðrar þjóðir, þá verður reyndin hin sama. Gyðingar og aðrir Semítar munu yfirleitt ekki hafa verið mildari í hugsun og framkvæmd en t. d. Persar eða Forngríkkir og er í meira lagi hæpið að halda því fram, sem ég nýlega heyrði gert í

útvarpi, að ránskapur Íslendinga í fornöld hafi verið verri og lævís-legar framinn en ránskapur Serkja hér á 17. öld. Sannleikurinn er, að héðan voru aldrei neinar ránsferðir farnar eða gerðar út, þó að íslenzkir menn tækju stundum þátt í slíku, og munu þó engar heimildir vera til um slík fólskuverk þeirra og sum þau, sem bíblían segir, að Israelsmenn hafi stundum framið. – En þó að norræn trúarbrögð væru eðlilegri norrænum mönnum en hebreisk, þá kæmi auðvitað ekki til mála, að beinlínis yrði þar horfið til þess sem var. Það sem verða ætti og verða á, er að vísindi komi í stað trúar og vantrúar, og væri byrjun þess sú, að menn yrðu nokkru raunsærri og sjálfstæðari í hugsun en þeir yfirleitt eru. Það sem verða á, er að uppgötvað verði, að guðir og aðrar æðri verur séu meira en eintómur hugarburður, og að fundin verði æ betri leið til mögnunar þaðan, sem hollast reyndist og bezt hverri manntegund fyrir sig. Þannig yrði þá alveg sjálfsagt, að Gyðingar leituðu sambanda og samneytis við Jave, framliðna spámenn sína og ættingja. En reyndist norrænum mönnum hinsvegar hollara að leita sambanda við Æsi og aðra framliðna frændur, þá væri á sama hátt sjálfsagt, að þeir gerðu það. Annars er hið líklegasta, að þegar á rétta leið væri komið hér á jörðu, leið samtaka og samstillingar, að hvað verði látið bæta annað upp án þess þó að samgrautun yrði um of. Það, að hvað eina haldist aðgreint á réttan hátt, er undirstaða hinna réttu samtaka, en ekki öfugt, eins og margir virðast nú ætla.

Þorsteinn Jónsson.

RÍGSPULA OG MANNFRÆÐIN.

Sköpunarsaga bíblíunnar er merkileg að því leyti, að hinir ýmsu þættir sköpunarverksins gerast þar í réttri röð nokkurnveginn, miðað við það, sem nú er vitað. En gallinn á henni er sá, hve hún er ósöguleg, engin þróun rakin, heldur er Guð láttinn koma fram ætlun sinni skyndilega og á óskiljanlegan hátt.

Um þessi efni eru hugmyndir Grikkja miklu fremri. Anaxí-mander sagði, að mennirnir væru komnir af sjávardýrum. Anaxí-mander er minnugri á það en Móses og þeir, að hver maður á sér foreldra og að þannig verður að halda áfram að rekja aftur fyrir hina fyrstu menn. En ekki veit ég til þess, að Guð komi neitt við sögu hjá Anaxí-mander.

Fornkvæðið Rígsþula, ort á 9. eða 10. öld af Íslendingi, eða Norðmanni, er tilraun, sem gengur í svipaða átt og þessar tvær, sem nú voru nefndar. Þar er þó ekki reynt að rekja hinn fyrsta uppruna mannkynsins, heldur verið að segja frá framþróun þess frá óæðri manntegund til æðri. Á þessi saga sammerkt sköpunarsögu

Mósebókar í því, að Guð er láttinn vera valdur að framþróuninni. En hér heitir Guð ekki Jahve, heldur Heimdallur eða Rígur, og minnir það nafn á kenningu Herakleitosar, að baráttan sé faðir allra hluta, upphaf alls.

Sagt er, í Rígsþulu, frá heimsóknum Guðsins til þrennra hjóna, fyrst Áa og Eddu (langafa og langömmu) og ber þau nöfn svo að skilja, að atburðurinn hafi gerzt fyrir ævalöngu. Fyrir til-stilli Rígs verður Edda þunguð, og nú mánuðum síðar elur hún barn, og er það hinn frumstæði maður, dökkur yfirlitum og bjúg-nefjaður, Þraell nefndur.

Seinna kemur Rígur til afa og ömmu og fer á sömu leið. Amma verður þunguð og elur barn eftir nú mánuði. En nú er fram-för orðin í kyninu, því að fram kemur maður bjartur yfirlitum, ljós á hár og hörund.

Jóð ól Edda	rauðan og rjóðan riðuðu augu.
-------------	----------------------------------

Rauðan hlýtur að eiga við háralitinn, og þá sennilega hina rauðu slikju, sem oft er á ljósu hári. En að augun riðuðu þýðir það að þau skimuðu, áhugi lýsti sér í þeim. Þessi maður kallast Karl, en synir hans Smiður og Bóandi (bóndi), og er þar verið að lýsa frjálsum mönnum ótignum meðal Norðurlandabúa eða Germana á þessum tíum.

Enn kemur Rígur til Föður og Móður og fæðist þeim sonur, sem Jarl er láttinn heita. Þannig er Jarli lýst :

Bleikt var hár,	ötul voru augu
bjartir voru vangar	sem yrmlingi.

Þannig lýsir skáldið þeirri manntegund, sem hann vissi fegursta og ágætasta, norræna kynið í þeirri fullkomnustu mynd, sem það hefur náð. Og með honum er þróun mannsins svo langt komið, að Guðinn kannast við sjálfan sig í honum, gerir hann vitran og voldugan og gefur honum nafn sitt :

Kom þar úr runni	son kvaðst eiga ;
Rígur gangandi,	bann bað hann eignast
Rígur gangandi,	óðalvöllu,
rúnar kenndi,	óðalvöllu,
sitt gaf heiti	aldnar byggðir.

Erna var jarli gift, dóttir Hersis, og var sonur þeirra Konur hinn ungi eða konur ungur eða konungur, og er hann líkur föður sínum og fremri. En konu hans er þannig lýst :

Brún bjartari
brjóst ljósara

háls hvítari
hreinni mjöllu.

Og þó að ótrúlegt megi þykja, að slíkt geti átt sér stað, þá hefur eitthvað komið skáldinu til að taka þannig til orða. Það er eins og leggi stundum af ljósu hári og hörundi þann bjarma, að búast mætti við honum enn skærari, hvítari en mjöll.

Slíka manngerð væri unun að mega hafa fyrir augum, og væri lífinu þá lifandi, ef slíkar væru fyrirmyn dir. Og ekki væri hætta á að þær skyggðu á neinn, því að það er eðli þeirra að ljóma við öllum, sem vel vilja og sækja í rétta átt. Að þessu lúta niður-lagsorð kvæðisins :

Bjuggu hjón
Pau voru mild og gjöful.

bauga deildu

Eins og kunnugt er, er svo talið, að Íslendingar eigi kyn sitt að rekja einkum til Noregs, en einnig nokkuð til Kelta : Íra og Skota. Oft er talað um keltnesku blinduna eins og þar hafi verið um allt annan kynstofn að ræða, en þetta er þó að nokkru leyti mis-skilningur. Hinir upprunalegu Keltar, sem bjuggu í Suður-Pýzkalandi og þar um slóðir, hafa sennilega verið hánorrænir að útliti eða afbrigði nokkurt norræns kyns og frændur Germana. Í fornum heimildum kvað þeim vera lýst sem rauðhærðum með blá augu, en stundum eru þeir taldir ljóshærðir. En þegar Keltar lögðu undir sig Bretlandseyjar, voru þar fyrir dökkhærðir menn og lágvaxnir, og af þessum tveimur þáttum samanstanda Írar og Skotar. Hafi Íslendingar nú orðið fyrir blöndun frá þessum þjóðum, þá var það ekki nema að nokkru leyti eiginleg blöndun við fjarskylt kyn, þ.e. þetta miðjarðarhafskyn. En hvort sem þessi blöndun hefir numið meira eða minna, þá er það víst, að hið norræna yfirgnæfir í Íslendingum, og norskir menn voru það fyrst og fremst, sem stóðu fyrir landnáminu og frá þeim er mál vort og menning runnið. Að reyna að breiða yfir það er ekkert annað en að vilja afneita uppruna sínum og getur ekki orðið til góða. En að vísu er það margt, sem greinir Íslendinga frá Norðmönnum þegar í byrjun, og er það ekki sízt merkilegt, hvernig skáldskapur leggst alveg niður með Norðmönnum skömmu eftir að Ísland er numið. Á dögum Hákonar jarls hins ríka, eða á síðari hluta 10. aldar er svo komið, að aðeins eitt af fjölmörgum skáldum hans er Norðmaðurinn Eyvindur Finnson, hinir allir íslenzkir. Það er engu líkara en að hinar norsku skálda-aettir og spekinga hafi flutzt til Íslands öðrum fremur, hvað svo sem valdið hefur. Og þegar afkomendur þessara manna fóru nokkrum ættlendum síðar að skrifa sögu sína og annarra, eftir því sem þeir mundu bezt, þá fullyrða þeir, að þeir væru vel ættaðir, afkomendur konunga og jarla, hersa og hölda. Sumir rengja þetta. En ég hygg, að þeir hafi sagt satt, og að alls ekki sé lítils um

þetta vert. Ég hygg að í Íslendingum búi mikið ágæti, tekið að erfðum frá göfugum forfeðrum.

Þorsteinn Guðjónsson.

UPPGÖTVUN, SEM VERIÐ ER AÐ NÁLGAST.

Sagt hefir mér verið, að gerðar hafi verið austur í Rússlandi til raunir, sem sanni það, að huggeislan hindrist ekki af geislaheldu efni. Var mér sagt, þetta þannig, að maður, sem gerðar voru tilraunir á varðandi hugsanaflutning, hafi verið lokaður inni í blýhylki er að auki hafi verið látið vera á kafi í kvikasilfri, og að hugsanaflutningur hafi eftir sem áður borizt að honum og frá. Kemur þetta vel heim við það, sem á einum stað stendur í bókinni Líf í alheimi, bls. 147 - 8, og er á þessa leið :

"Eigi hugsanaflutningur sér stað, þá er það alveg víst, að hann fer ekki eftir neinum rafsegulbylgjum. Sökum þess, hversu rafbylgjur heilans hafa litla orku og litla tíðni, mundu þær ekki einu sinni koma fram sem "hávaði" nokkra millimetra frá höfðinu. Hugsanaflutningur gæti einungis átt sér stað fyrir atbeina orku, sem enn er óþeckt".

Hvað er það nú, sem ástæða er til að álykta út frá þessu ?

Eins og mörgum er kunnugt, þó að þess sé nær aldrei getið, þá hefir hér á landi, og það fyrir löngu komið fram sú kenning, að líf- og huggeislan eigi sér stað, ekki einungis á milli lifenda hér á jörðu, heldur einnig á milli þeirra og íbúa annarra hnatta. Og þegar nú sönnun er fengin um, að huggeisluninni séu færar þær leiðir, sem annarri geislan eru ófærar, þá er ekki lengur nein fullgild ástæða til að ætla, að huggeislunin þurfi endilega að takmarkast við þann hraða, sem ljósið takmarkast við á leið sinni um geiminn. Þvert á móti verður þá ástæða til að ætla það, sem einnig er vikið að í áðurnefndri bók, að með lífinu og vitinu hefjist orkan á stig, miklu ótakmarkaðari möguleika en áður. Og færu vísinda-menn að gera sér það ljóst, sem reyndar er þegar margsannað, að manni ber það stundum í hug, sem ekki gat stafað frá neinum af íbúum þessarar jarðar og auðvitað var þá heldur ekki sjálf-hugsað, þá ætti hér ekki að þurfa annarra vitna við um ofurhraða huggeislans og langfleygi.. Vitneskja, sem maður aflar sér ekki sjálfur, hlýtur ævinlega að vera þvegin af einhverjum öðrum. Og hvar mundi sannvínsindalega sinnaður maður leita þeirra, sem betur væri vitandi en jarðarbúar ? Á öðrum hnöttum mundi hann auðvitað leita þeirra, því að annarstaðar getur náttúrufræðin ekki

gert ráð fyrir neinni tilveru auk þeirrar, sem á sér stað á þessari jörð.

Eins og stundum sézt nú getið um í blöðum, þá fer það mjög í vöxt hjá vísindamönnum að tala um líf á öðrum hnöttum, enda er slíkt miklu sjálfsagðara síðan kenningu þeirri var hrundið, að plánetur fylgi aðeins tiltölulega fáum sólstjörnum. Hin ríkjandi skoðun er nú aftur orðin sú, að það hljóti að teljast undantekning og jafnvel óhugsanlegt, að sólir séu án fylgihnatta, og verður það því á móta óhugsanlegt, að íbúar væru aðeins í einhverju einu húsi einhverrar mikillar borgar eða borga. Það, sem stefnt virðist nú vera að í vísindum, er að uppgötva það raunverulega, að víðar sé líf en hérl, og hefir þegar verið stigið merkilegt spor í þá átt, þar sem er litrífssönnunin um, að eitthvert líf sé á Marz. En vera má, og það áður en varir, að stigið verði enn stærra spor í þessa átt, sem væri það að uppgötva hina íslenzku uppgötvun á lífsambandinu í alheimi, og kynni þá svo að fara, að margur vildi síður hafa tilheyrt þeim hópi, sem mat að engu þá uppgötvun.

Porsteinn Jónsson

BJARGA STJÖRNUBÚAR MANNKYNINU ?

Vikublaðið TIME skýrir frá því, að þýzkur stjörnufræðingur, Sebastian von Hörner, hafi látið svo um mælt í tímaritinu Science, að samband við lengra komna íbúa annarra hnatta kunni að geta orðið til að bjarga mannkyni þessarar jarðar frá tortímingu. Von Hörner lítur svo á, að á óteljandi jarðstjörnum kunni lífið að þróað fram á líkan hátt og hérl, og að lokum hafi þar komið fram menning og mannvít og vísindi og enn fremur slík tækni, sem fól í sér mjög mikinn eyðileggingarmátt. Telur hann að ástand það, sem nú hefir skapazt hérl á jörðu, þannig, að tala um augljósa möguleika á því, að mannkynið fyrifari sér, muni ekki vera neitt einsdæmi hérl í alheimi. Muni á öðrum stjörnum hafa illa farið sums staðar og lífið eytt sjálfu sér, en annars staðar hafi tekizt að bjargast frá háskanum og komast hjá gjöreyðingu fyrir slíkt hættutíma-bil, sem allt velti á að komast yfir. Þar sem þetta hefir tekizt á einhverjum hnetti út í stjörnustráðum geimi, kunni að vera um að ræða mjög forna og göfuga síðmenningu, sem taki langt fram því, sem er hjá jarðarbúum. Og hann gerir ráð fyrir því, að þeir muni vilja vara jarðarbúa við og senda þeim ráð til að stýra fram hjá voðanum.

Von Hörner áætlar, að innan þúsund ljósára fjarlægðar frá jörðinni megi vera einar tíu jarðstjörnur, þar sem íbúar hafi komið á hátt stig menningar og tækni.

Dr. Helgi Pétursson hélt því fram, löngu á undan hinum þýzka manni og löngu áður en menn voru farnir að áttu sig á því, að sérstakir hættutímar væru fyrir höndum, að mannkynið hér á jörðu væri á þeirri leið, sem til glötunar liggar. Hann nefndi þetta helstefnu og sagði, að einkenni þeirrar stefnu lýstu sér í öllu lífi jarðarinnar, meira eða minna eftir tegundum, en allra verst hjá mannkyninu. Þar væri þjánингin mest og hættan mest á því að hið beztu eyðilegðist. Hann sagði, að styrjaldir yrðu sífellt ægilegri og djöfulvirkari, en þó sagði hann að þessi þróun tæki enda, jafnvel bótt ekki yrði bætt úr. " Fer svo að allt líf líður undir lok á slíkum hnetti eftir mjög svívirðilegan hnignunarsögu. Hinn magnandi kraftur hverfur, ekki einungis frá hinum lifandi verum á slíkum hnetti, heldur einnig frá hinni líflausu náttúru. Framvindan þar, sem þannig er að hrapa mætti kalla devulution. Jafnvel efniseindirnar, ódeilin, leysast sundur, en hinn losnandi kraftur kemur ef til vill fram sem sú geislan, sem nefnd er radioaktivitet, og fundin ekki alls fyrir löngu. Hér á jörðu er að hrapa, glötunarvegur er það, sem verið er á " (1919)

Sézt hér greinilega, að dr. Helgi Pétursson setur endalokin í samband við þann óverulega vott af kjarnorku, sem eðlisfræðingar voru þá að byrja að uppgötva. Um leiðina til björgunar kemst hann næsta líkt að orði og Sebastian von Hörner er nú farinn að gera. " Sambandið við fullkomnari vitverur á öðrum stjörnum mun bæta svo greind manna, að orsakir styrjalda munu liggja opnar fyrir ", segir hann (1919) og gengur sú hugsun eins og rauður þráður gegnum öll rit hans, að þaðan sé hjálpar að vænta.

Sebastian von Hörner byggir skoðanir sínar um samband við íbúa annarra stjarna á því, að möguleikar séu til þess að senda útvarpsbylgjur á milli. Dr. Helgi Péturss byggir á því, að samband eigi sér stað, sem flytji hugsanir og önnur áhrif beint manna á milli og annarra lifandi einstaklinga. Þetta samband sagði hann, að væri rannsakanlegt og skyranlegt, gagnstætt því sem flestir héldu þá, sem á annað borð horfðu frá sjónarmiði vísindanna. En nú, einmitt um þessar mundir er mikil breyting að verða þar á, og er vitað um einar þrjátíu ramssóknarstofnanir víða um lönd, þar sem stundaðar eru athuganir á þessum fyrirbrigðum, eftir því, sem Örnólfur Thorlacfus hefir nýlega sagt frá í útvarpi. Dr. Helgi sagði, að draumar stöfuðu af slíku sambandi við aðra og tala mætti um draumgjafa.

Miðilsdáið sagði hann, að væri í aðalatriðum sama eðlis og vanalegur svefn, og fleiri tegundir af ástandi, sem menn höfðu ekki skilið, færir hann til þessa sama flokks. Dr. Helgi segir, að sambandið nái hnatta á milli, og mælir ekkert af því, sem fram hefir komið við hinar nýju ramssóknir á móti því, Sagði hann, að þessi áhrif manna á milli væru miklu algengari en tekið er eftir

og, að áhrif væru misgóð, eftir eðlisfari manna og að éhræsi nokkurt hefði getað látið mikið illt af sér leiða með því lagi, sem hann hefði náð á því að beita þessum áhrifum.

P. G.

FREUD OG EÐLI DRAUMANNA.

Í útvarpserindi, sem sálfræðingur nokkur, Sigurjón Björnsson, flutti þann 25. sept. s.l., var vikið að "geð-truflun" dr. Helga Péturss., og var það degi fyrr en sagt var frá því í öllum dagblöðum hér, að sænskur fræðimaður, Peter Hallberg, dósent í Gautaborg, hefði sýnt fram á það, sem dr. Helgi sýndi líka fram á fyrir 40 árum, og að því er mér skildist með samskonar rökum og þessi Svíi, að Snorri Sturluson hafi verið höfundur Egilssögu. Nú var að vísu ekki getið í blöðunum um það, að dr. Helgi hefði sýnt fram á þetta áður. En sú staðreynd, að hann skuli hafa gert það, er þó eitt af mörgu, sem sannar óréttmæti þess, að kenna hann fyrst og fremst við geðbilun.

Í nefndu erindi var mjög haldið á loft kenningum Sigmunds Freuds, sem hinni einu vísdalegu sálarfræði, og ætla ég ekki að fara að halda því fram, að þær frægu kenningar séu að engu nýtar. En þegar rætt er um þennan dulvitundarheila-spuna hans sem fullnægjandi skýringu á öllu því, sem kallað hefir verið dulrænt eða yfirnáttúrulegt, þá er það hin mestu fjarstæða. Sannleikurinn er sá, að allt þetta dulvitundartal sálfræðinga og annarra er jafn fjarri því að vera sannvísindalegt og heimsfræðin var fyrir daga Kopernikusar, enda felur sjálft heitið það í sér, að ekki sé um neinn ljósan skilning að ræða. Orðið dul hlýtur að sjálfsgögðu að fela í sér það eitt, sem er í aett við þoku og ólýsi. — Það er að vísu eðlilegt, að mönnum yrði fyrst fyrir að leita í eigin huga að orsökum drauma sinna og ýmislegs annars, því að fljótt á litid virðist annað naumast geta komið til greina. En til þess að halda því fram, sem vísdalegri vissu, að hinn sofandi maður búi sér til þessar sýnir og þessa atburði, sem fyrir hann ber í svefn-inum og stundum getur verið svo raunverulegt sem í vöku væri, hefði fyrst þurft að gera sér það ljóst, að hann geti slíkt. En það hefir nú einmitt ekki verið gert. Prátt fyrir allt þetta dulvitundartal sálfræðinga og annarra, liggar það alls ekki ljóst fyrir, að sofandi maður geti fremur en vakandi látið sig sjá það, sem hann einungis hugsar sér. Og þegar svo gætt er að því að auki, sem er hin áreiðanlegasta staðreynd,

að sýnir dreymandans eru jafnan öðruvísí, en það, sem hann þýðir þær fyrir, þá fer þetta, sem í fljótu bragði virtist vera svo sjálf sagt, þetta að hinn sofandi maður búi sér sjálfur til drauma sína, að verða óhugsanlegt. Eða hver getur séð fram á líkur til þess, að sjálfur skapi maður sér nokkurn tíma minningamyndir í ósamræmi við minningar sínar ?

Ekkert er fjarri réttu en það, að vilja amast við vísindelegri efnishyggju og vera haldinn af trú á tilveru anda og öðrum slíkum hindruvitnum. Efni eða hlutir hljóta hvarvetna að vera undirstaða allrar tilveru, og verður ekki frá þeirri ályktun vikið án þess að villast af réttri þekkingarleið. Einnig úr sálarfræðinni þarf dulrænan að hverfa eins og hún þegar hefir gert í mörgum öðrum fræðigreinum. En ekki er þó síður nauðsynlegt en að hafa gert sér þetta ljóst, að gera sér aldrei á annan hátt grein fyrir hlutum og fyrirbærum en þau eru. Það er t. d. alveg nauðsynlegt, til þess að öðlast réttan skilning á eðli drauma, að hafa gert sér grein fyrir einmitt þessu, sem ég vék hér að, að þeir eru eins og þegar horft er á hluti eða þegar tekinn er þáttur í atburðum, en ekki eins og þegar einungis er hugsað um hluti og atburði. Og þegar svo hugleitt er út frá því, að hafa gert sér þessa grein fyrir draumum sínum, þá burfa það ekki að vera nein brigð við vísindalega efnishyggju að láta sér detta í hug, að einn heili geti fyrir bein geislasambönd haft áhrif á annan heila. Það er þegar vitað, að hnöttir himingeimsins eru ekki án beinna áhrifasambanda hver við annan og að þau áhrifasambönd eru svo þýðingarmikil, að án þeirra væru þeir ekki og hefðu aldrei getað orðið til. Jafnfram því að vera efnis – og einstaklingstilvera hefir öll tilvera reynzt vera sambands tilvera, og næði það því ekki nokkurri átt, að hinir lifandi einstaklingar væru þar undanskildir. Einnig á milli lifendanna hljóta að eiga sér stað bein geislasambönd, og eins og líka sannað hefir verið vísindalega, þá er þar ekki einungis um að ræða þau sambönd, sem eiga sér stað á milli líflausra hluta, aðráttar- eða segulsambönd. Á milli hinna lifandi einstaklinga hafa reynzt eiga sér stað bein hugsambönd, og fer þá að verða skammt til þeirrar ályktunar dr. Helga Péturss, að draumur eins sé ævinlega að undirrót vökulíff annars. Svo skammt er nú orðið til þeirrar ályktunar, að auðnaðist fræðimönnum að gera sér nokkru betur grein fyrir raunveruleik draumanna en Freud gerði og aðrir sálfræðingar hafa gert til þessa, þá mundi sú ályktun fara að þykja alveg óhákvæmileg.. Og nú ætla ég ef vegna tilefnis, sem Sigurjón Björnsson gaf í erindi sínu, að minna á nokkuð sérstakt en áreiðanlegt dæmi um hugsamband manna á milli, og segir af því í bókinni FÖNÝALL, grein, sem heitir Fróðleg saga af svonefndum draug. En auk þess að lesa um slíkt dæmi má í grein þessari sjá fram á, að þetta sem talinn var hugarburður dr. Helga og honum var sérstaklega vilt til geðbilunar að halda fram, hefir ekki verið tóm ímyndun hans.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.

SVARAÐ SPURNINGU.

Eru draumsýnir ykkar ókunnar ykkur úr vöku eða ekki, spyr Þorsteinn Jónsson og óskar eftir svörum.

Fyrir mitt leyti vil ég svara þessu, því að sammála er ég P. J. um að þýðingu geti haft að hafa í höndum um þetta samhljóða reynslu margra. Slík gögn ef fyrir lægju frá mörgum hefðu þá þýðingu, að vitnun til þeirra gerðu þeim erfiðara fyrir, sem vilja neita því, að kenningar Helga Péturss. skýri drauma almennt. Væri jafnvel ekki óhugsandi, að með þessu móti yrði fremur ýtt við fræðimönnum til að hefja rannsóknir til sannpróunar á draumgjafakenningunni.

Athuganir á þessu, sem P.J. spyr um, hefi ég gert árum saman og því alls á ófum hundruðum drauma, sem reynst hafa svo skýrir, að slíkum samanburði yrði við komið. Og fljótsagt er það, að allar hafa þessar athuganir í ljós leitt, að það sem mig dreymir, er mér aldrei kunnugt úr vöku, þó að mér í svefninum vanalega finnist annað. Oftast finnst mér ég í draumum mínum staddir í Reykjavík, úti eða inni. En jafnan er mér þó eftir á, sú Reykjavík, sem mér í draumi birtist, óþekkjanleg fyrir hina mér úr vöku kunnu Reykjavík, og því líkast sem um allt aðra borg eða borgir væri að ræða. Byggingarnar eru öðru vísi bæði utan og innan. Jafnvel mitt eigið herbergi er, þegar mig dreymir það, að últiti síbreyti-legt frá einum draumi til annars og aldrei eins og ég hefi það daglega fyrir augum, né heldur það, sem í því er. Og þykist ég horfa héðan á haf út eða til fjalla, verður útsýnið allt annað en er í vöku. Um gróður, fugla, menn og fleira gegnir sama máli.

Þetta, sem nú hefir verið rakið, verður að teljast í meira lagi undarlegt, ef upprifjan endurminninga úr vöku ylli draumunum. Hinsvegar er það, eins og bent hefir verið á, að utanaðkomandi sýnir veki upp vöku minningar dreymandans, og að þær þannig valdi rangþýðingum. - En getur þá ekki, kynni einhver að spyrja himn sofandi hugur skapað sér sýnir, sem aldrei bar fyrir hann í vöku, og er því að svara, að hugurinn ætti þá ekki að sjá eitthvað allt annað en hann hefði skapað og í ósamræmi við það, sem hann þýddi það fyrir. Þess skyldi og þá gæta, hvernig draumsýnirnar koma fram. Þær koma fram, eins og Helgi Péturss. bentí á, um leið og manni fer að renna í brjóst, en skýrast svo, þegar maður

hefir sofnað til fulls og alveg gleymt sér, og geta þá hvað skýrleik snertir, alveg jafnast á við að sjá með góðri sjón og í góðri birtu. Því fer með öðrum orðum svo fjarri, að draumsýnir geti verið hugsþópun eingöngu, að það virðist vera skilyrði fyrir framkomu þeirra, að hugarstarfsemi stefandans hætti og hann gefi sig gleymskunni á vald. En séu nú þannig eins og þessar og fleiri athuganir benda til, draumsýnirnar hvorki til- orðnar fyrir hugarstarfsemi dreymandans né heldur ósjálfráðar upprifjanir atburða úr vöku, virðist það ekki nein fjarstæða, heldur í rauninni óhjákvæmileg niðurstaða, að setja þær, eins og Helgi Péturss. gerði, í samband við draumgjafa, jafnvel þó að á öðrum hnöttum séu.

Sveinn Haraldsson.

DRAUMUR.

Mig dreymdi nálægt 28. ág. 1962, að ég væri staddir í mjög stórum sal. Var hátt til lofts og svo vítt til veggja, að ég veitti þeim ekki eftirtekt. Allmargt fólk var þarna, hér og hvar um salinn, og þótti mér það vera að undirbúa stóra samkomu, sem ætti að hefja innan skamms.

Nú komu nokkrir menn til mína, og töluðum við saman um stund. Ekki man ég um hvað við töluðum. En síðan hóf ég mig til flugs og sveif um salinn. Þótti mér margir veita þessu flugi mikla athygli. Gekk síðan á þessu alllengi, að ég ýmist sveif eða kom niður aftur og talaði við fólkinið. Létu margir í ljós, að þeir vildu læra þessa íþrótt. Sagði ég þeim, að þetta væri ekki mikill vandi, en að þeir þyrftu að læra að einbeita hugsunumog hreyfa sig á réttan hátt. Sýndi ég þeim í dæmum, hvernig fara skyldi að. Spynti ég mér frá gólfínu og fór í ýmsa sveiga, hreyfði hendur og fætur ekki ólíkt því, sem gert er, þegar synt er bringusynd, og þó ekki eins. Kom ég svo niður annað slagið og útlistaði aðferðina fyrir fólkini. Skildist mér, að margir hefðu áhuga á, að fara að reyna þetta og fóru sumir að gera tilraunir með því að reyna að stökkva eins og ég var að sýna þeim. En þeim tókst það ekki, og urðu úr því aðeins venjuleg stökk.

Þarna hefir draumgjafi minn verið allmiklu magnaðri en þeir, sem hann átti tal við. Mun hann hafa verið gestur þarna og verið að kenna fólk, ef til vill í sambandi við væntan-

lega komu góðra gesta frá annarri stjörnu. Ekki kom það reyndar fram í draumnum, að hinir væntanlegu gestir væru frá öðrum hnerti. En mér fannst eins og vonast væri eftir einhverju mjög merkilegu í sambandi við komu þeirra, og því læt ég mér detta þetta í hug.

Ingvar Agnarsson.

FAORD HUGLEIÐING.

Heyrt hefir maður málsháttinn : Þekktu sjálfan þig og eins : læknir, læknaðu sjálfan þig. Það fer þú fáum sögum af, að þessu marki hafi verið náð, þó að á öllum tímum hafi verið til einstaklingar, sem nálguðust það. En fram úr þessu hæggengi fer nú að verða óumflýjanleg nauðsyn að komast hér í þessu byrjunarjarðlifi og áður en vér deyjum til annarrar jarðar, því að ella getur þar tekið við harður skóli. Það þarf betur að vita en trúarkennimennskan hefir megnað að fræða um, og hafa prestar í þeim efnum þó átt sínar afsakanir fram að síðustu 30 til 40 árum, að spekimál dr. Helga Péturssonar kom fram í dagsins ljós sem stóraukið framhald kenninga Jesú Krista. Enda er þar einmitt sú endurkoma, er Jesúsjálfur boðaði. Hefir þjóð vor með kirkjuna í fararbrotti snúiðt þar jafn öfugt við og Gyðingar gerðu forðum gagnvart spekimálum Jesú. Og nú er kirkja vor að eflast með hverjum degi, sem líður, upp á eitt heljar bjarg kyrrstöðu og afturhalds, og ber að líta á það, sem hina hræðilegustu vígstöðu guðmagnsins í sinni eilíffu baráttu gegn sjálfum bölvildinum, lýginni. Á þeim ljótum horfum og ástandi ber hver fulltíðamaður ábyrgð að sínum hluta og dugar því sízt að draga sig í hlé. Þegar vér náum að vita og skilja út frá kenningum þeirra Jesú og Helga, komumst vér að fullri raun um, að lifað sé í alltof mikilli og heimskulegri baráttu fyrir líkamanum og alls konar bjánamegum metnaði, sem er hinn skýrasti vottur sálarlegrar eymdar og fátæktar. Gegn slíku eru engin önnur bjargráð til-tæk en andleg fylling fyrir viðtöku sannleiksaukningar Helga Péturss. Að forsmá hana stundu lengur þýðir hið sama og hin mesta forsmán á Kristi Jesú og endurkomu – spásögu hans, því að þar átti hann aldrei við annað. Sannleiksaukning Helga framyfir Jesú er að sínu leyti ámóta og sannleiksaukning Jesú var umfram Móses og önnur fyrir tíma stórmenni andans allt frá sköpun jarðar.

Stefán Guðmundsson.

SKRIFAÐ ÓSJÁLFRÁTT

(Látinn faðir ræðir við son sinn)

IIX.

— — — Það er að sumu leyti einmanalegt fyrir mig að vera alveg slitinn úr tengslum við liðna tif. Nú er svo margt, sem ég hefi að segja þér, að ég veit varla, hvar ég á að byrja. Látum okkur nú sjá. — — — Það var fyrir nokkrum dögum, að ég var staddur langt frá verustað mínum. Í fylgd með mér var ung og falleg stúlka, sem hefir verið mér ákaflega góð, þegar ég hef verið dapur og þráð fund við ástvini á jörðinni. Við vorum þarna saman og nutum fegurðar staðarins og góða veðursins. Þegar við sátum þarna saman og nutum samvistanna, fannst mér allt í einu að himnarnir opnast, og sá ég svo mikla fegurð, að ég hefi aldrei séð annað eins. Ég sajómandi verur og svo falleg litbrigði, að ég varð orðlaus. Vinkona míni sá þetta einnig og tjáði mér, að hin einlæga samstilling okkar hefði opnað okkur sýn til annarra heima, þar sem guðir byggju, en í rauninni væru þeir menn svona langt á þroskabraut komnir, og að slíkt ætti einnig fyrir okkur að liggja. Nú er ég ekki lengur undir þessum áhrifum. En samt sem áður er þessi reynsla varanleg, og er mér hvatning til þess að gera enn betur en ég hef gert áður.

Ég get ekki lýst þessu mjög nákvæmlega vegna þess að samþand okkar er ekki ennþánógu traust, og ég vil ekki eiga það á hættu, að það brenglist.

Við erum hér á framfaraleið. Við höfum áttað okkur í aðalatriðum á lífinu og tilgangi þess. Það, sem hefir hjálpað mér mest, voru þessar tilgáttur um lífið eftir dauðann, að mér fannst sem þú ræddir stundum við mig um. Nú hefi ég reynt það, að þær eru í öllum aðalatriðum réttar. Ég skynja og hugsa á sama hátt og áður, en að vísu eftir fleiri leiðum, og ég hefi fastan líkama, sem er háður sömu lögmálum og sá jarðneski, en er betur byggður og fegurri miklu. Veldur það mér miklum fögnuði, því að alltaf þráði ég það í jarðlífínus að vera vel skapaður og sterkur. Nú hefi ég öðlast hvorttveggja í ríkum mæli, og gleðst yfir því meir en flestu öðru. Hugur minn er svipaður því, sem áður var, og get ég ekki sagt, að þar séu framfarirnar eins miklar, þótt skilningurinn hafi vaxið tölувvert. En þar stendur allt til bóta vegna þess, að ég hefi fullan hug á því að taka framförum.

Til gamans skal ég geta þess, að ég er nú um þrjár álnir á hæð og eftir því gildur, þó að ég sé að öðru leyti eins og þú manst. Ég dáðist mjög að breiðu baki og herðum í æzku, og það hefir mér nú sjálfum hlotnatz. Kraftar míni eru nú meiri en nokkurra jarðneskra manna. Mig munar ekkert um að hefja mörg hundr.kg. og ég get boríð slíkar byrðar langar leiðir án þess að þreytast. Það sem veldur þessu er samstilling míni við aðra menn, sem eru mér velviljaðir og ljá mér orku sína, ef á þarf að halda, þannig að í neyðartilfellum liggur við, að ég gæti fært fjöll úr stað. Er ég þar farinn að líkjast Ásaþór, Enda áttu kraftar hans rætur sínar að rekja til sama lögmaðs. - Nú er ég farinn að gaspra, en þetta er nú satt samt sem áður. - - Það sem er mér mest gleðiefni í þessu sambandi er vissan um það að geta alltaf átt von á styrk frá öðrum, ef á þarf að halda, og geta goldið öðrum í sömu mynt, ef þeim riður á. Ég er ekki að segja þetta til þess að miklast. Þetta geta allir öðlast, sem hafa þráð það og tekið eftir því, sem er fagurt og gott og tileinkað sér það. Hugarfar okkar skiptir mestu máli, þegar komið er yfir um. Ef það er gott, fáum við líkama í samræmi við það, og sama gildir um það, er á hinn veginn er.

Farðu ekki að gefa þetta út í bók. Það er ekki hægt eins og er. Þú ert ekki nógur þroskaður ennþá og ég er ekki búinn að átta mig nógur vel. Ég vil samt eindregið hvetja þig til þess að halda sambandinu áfram. Það getur margt komið fram fróðlegt og orðið þér til gagns og öðrum, sem kunna að meta.

Með kærri kveðju til allra á bænum.

FYRSTI GEIMFARINN OG SAMBAND VIÐ STJÖRNURNAR.

I.

Eitt af því, sem haft er eftir Júrí Gagarín, geimfara er það, að meðan á geimferð hans stóð, fann hann ekki til ótta. Taldi hann það vera vegna þess, að hann vissi að allir rússnesku ví sindamennirnir og öll rússneska þjóðin treysti honum til að gera það, sem fyrir hann var lagt, og fylgdust með ferð hans með ósk um að hún mætti vel takast.

Samkvæmt því, sem dr. Helgi Pétursson hefur ritað, getur átt sér stað, þar sem margir menn eru samhuga að verki, það sem hann kallar magnan taugakerfisins (Ladung, charge, hleðsla). Fyrir áhrif frá samverkamönnum (stilli-áhrif) skapast einstaklingnum samband við lífföflugri verur annars staðar í alheimi, og magnast hann af því sambandi.

Parna mun hafa verið um þesskonar magnan að ræða, og mætti
þekýra það á þessa leið. Eftir að Gagarín hefur hafið geimferð sína,
er þessum atburði útvarpað um öll Sovétríki. Tugir milljóna manna
beina huga sínum til hans og fylgjast með för hans. Menn óska þess
eindregið, að för hans og afturkoma til jarðar megi takast sem bezt.
Mikill samhugur myndast um þennan atburð. Vegna þessa samhugar
og sameiginlegra óska mikils fjölda manna, magnast Gagarín stórlægla,
svo að honum finnst hann öruggur, þrátt fyrir hina tvísýnu að-
stöðu, sem hann er í, svo að honum veitist auðvelt að einbeita sér að
þeim viðfangsefnum, sem honum hefur verið falið að leysa.

II.

Þessi mikli tæknisigur, að tekizt hefur í fyrsta sinn að koma
manni út fyrir gufuhvolf jarðarinnar, og þar með skapað skilyrði til
að geta skoðað jörð og stjörnur frá nýjum sjónarholi, hlýtur að vekja
okkur enn einu sinni til umhugsunar um stjörnurnar og um hugsanlegt
samband við íbúa þeirra. Hlýtur okkur ekki að koma til hugar, að á
sumum jarðstjörnum annarra sólhverfa sé ölli tækni og vísindaþróun
margfalt lengra komin en hér, svo að jafnvel mætti segja, að hér á jörð
sé vísindaleg þróun rétt að byrja, ef hægt væri að bera hana saman
við þær.

III.

Oft má nú sjá í blöðum, að sú spurning leitar á menn, hvort
líf muni finnast annars staðar í alheimi. Munu menn hallast að því að
svo sé. Radíostjörnuspá mikil hefur verið sett upp í Green Banks í
Bandaríkjunum. Er henni nú beint mjög að tveim nálægum stjörnum,
Tá Ceti og Epsilon Eridani, ef vera mætti að þaðan bærust radióskeyti,
sem telja mætti að send væru af vitsmunaverum. Ef vart yrði slíkra
skeyta, væri það út af fyrir sig sönnun fyrir lífi á öðrum stjörnum.
En seinleg yrðu slík skeytasamskipti, því hvert skeyti væri mörg ár
að berast til eða frá jafnvel hinum nálægustu stjörnum. Allt öðruvísi
horfði þetta við, ef hægt væri að finna aðferð, sem byggðist á tilvist
hraðgeislaðri orkutegundar en þeirrar, sem eðlisfræðin þekkir nú og
fæst við.

Menn hafa ekki enn uppgötvað uppgötvun dr. Helga Péturs-
sonar um lífsambandið milli hnatta. Með slíku sambandi mætti ræða
við íbúa hinna fjarlægustu stjarna, eins og maður talar við mann, því
að lífgeislinn fer á svipstundi milli hinna fjarlægustu staða, hvort
sem um er að ræða samband milli stjarna eða milli vetrarbrauta.
Og slík sambond yrðu óandanlega miklu fljótvirkari en þótt radiósam-
bönd tækjust milli stjarna.

Við jarðarbúar þurfum að komast sem fyrst í betri tengsl
við hin miklu alheimssambond lífsins. Og slíkt mætti takast, ef
skilningur næðist á þeim málum. Ef komið væri upp stjörnusambands-
stöð í þeim tilgangi og ef varið væri til tilrauna, þó ekki væri nema

litlu broti af þeirri vinnu og þeim kostnaði, sem nú er lagt í
geimrannsóknir og geimskot, myndi fljótlega nást árangur,
sem engan hefði áður órað fyrir.

Og óhætt væri að taka dýpra í árinni. Við Íslendingar
gætum einir og óstuddir komið upp stjörnusambandsstöð og
gert tilraunirnar. Ef samhugur næðist um slikt viðfangsefni
yrðum við Íslendingar fyrstir til að koma á raunverulegu sam-
bandi við íbúa annarra stjarna. Við mundum þá ekki einungis
fá ýmsan fróðleik um aðrar stjörnur og íbúa þeirra, heldur
mundi sliku sambandi einnig fylgja aukning vits og máttar
þeirra sem að tilraununum stæðu.

16. apríl 1961.

Ingvar Agnarsson